

## Lög

Nr. 42.  
26. okt.

um

## lýsismat.

**Vjer Christian hinn Tíundi**, af guðs náð Danmerkur konungur,  
Vinda og Gauta, hertogi í Sljesvík, Holtsetalandi, Stórmæri, Þjettmerski,  
Láenberg og Aldinborg,

*Gjörum kunnugt*: Alþingi hefur fallist á lög þessi og Vjer staðfest þau með samþykki Voru:

1. gr.

Allir þeir, sem lýsi selja eða senda úr landi frá kaupstöðum eða löggiltum kaup-  
túnum, skulu eiga kost á að fá það flokkað og metið af lögskipuðum matsmönnum.

2. gr.

Lögreglustjóri skipar lýsismatsmenn, eftir því sem þörf krefur, og rita þeir undir  
eiðstaf, er stjórnarráðið fyrirskipar. Áhöld til lýsissóknna og merkingar leggur lands-  
stjórnin til.

Matsmenn skulu jafnan gefa vottorð um skoðunina, og eru þau vottorð sönnun  
þess, að lýsið sje rjett flokkað og merkt.

3. gr.

Kostnaður við lýsismat greiðist af þeim, er mats óska, eftir sömu reglum sem  
kostnaður við fiskimat. Nánari reglur um tilhögun matsins, flokkun og merkingu lýsisins  
ákveður stjórnarráðið eftir tillögum Fiskifjelags Íslands.

Eftir þessu eiga allir hlutaðeigendur sjer að hegða.

**Gefið á Amalíuborg, 26. október 1917.**

Undir Vorri konunglegu hendi og innsigli.

**Christian R.**

(L. S.)

\_\_\_\_\_  
Sigurður Jónsson.